

**Dagskrá fundar Félagsstjórnar SLFÍ,
haldinn 9. maí, 2016 kl. 10.00 í félagsaðstöðunni**

Mættir til fundar:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Guðrún Elín Björnsdóttir Norðurlandsdeild vestri
Helga S. Sveinsdóttir, Suðurlandsdeild
Guðbjörg Sólveig Sigurðardóttir, Vesturlandsdeild
Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Norðurlandsdeild eystri
Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, Vestmannaeyjadeild
Viktoría Magnúsdóttir, Suðurnesjadeild
Bergdís Sveinsdóttir, Vestfjarðadeild
Stefanía Stefánsdóttir, Austfjarðadeild
Jakobína Rut Daníelsdóttir, varamaður í framkvæmdastjórn
Ólöf Jóna Friðriksdóttir varamaður í framkvæmdastjórn

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

1. Fundur settur

2. Fundargerð síðasta fundar

3. Kjaramál

- SALEK
- Lífeyrissjóðsmál
- Sólvellir Eyrarbakka
- Brákarhlíð Borgarnesi
- Fellsendi í Dölum

4. Samstarfsnefndir

- Bókun 10 hjá ríkinu
- Mál hjá Gísla Hall lögmanni
 - HSA og SFV, dómur héraðsdóms
- Fundur með LSH
- Flæðisvið LSH
- Starfsmat hjá Reykjavíkurborg
- Heimahjúkrun á Heilbrigðisstofnun Norðurlands

5. Nýting á gjöf Ingibjargar R Magnúsdóttur

- Rannsóknarsjóð til styrktar rannsóknum á námi og störfum sjúkraliða

6. Undirbúningur fyrir Fulltrúaþing SLFÍ 10. maí

- Ársskýrslan
- Reikningar
- Fjárhagsáætlun SLFÍ
- Félags- og fagfélagsgjöld SLFÍ

- Drög að lagabreytingum
- Drög að skipulagsskrá starfsmenntasjóða
- Stefna SLFÍ, unnið í hópum að uppfærslu nýrra draga
- Saga SLFÍ
- Saga Sjúkraliðafélags Íslands
- Ályktanir þings SLFÍ. Unnið í hópum að gerð draga.

7. Sumarlokun á skrifstofu SLFÍ

8. Undirbúningur að ráðstefnu EPN á Íslandi

9. Undirbúningur að afmælisári félagsins

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna til fundar.

2. Fundagerð síðasta fundar samþykkt og komin á netið

Gunnar Örn Gunnarsson (GÖG) framkvæmdastjóri SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

3. Kjaramál

- **SALEK:** KÁG gerði grein fyrir að bakslag hafi komið í SALEK samstarfið m.a. vegna kröfu ASÍ um að búið væri að ljúka breytingum á lífeyrismálum opinberra starfsmanna fyrir fundinn, sem halda átti 7. maí í Hörpu. Fundinum hefur þ.v. verið aflýst. Spurning er hvort fundað verði með Holden, norska sérfræðingnum í vinnumarkaðsmálum og þá í smærri hópum.
- **Lífeyrissjóðsmál:** Fram kom að lítið hefur verið unnið með málið og staðan óbreytt frá síðasta fundi félagsstjórnar SLFÍ og hefur umræðu verið frestað fram á næsta haust.
- **Sólvellir Eyrarbakka,** þar eru sjúkraliðar sem fengu ekki að vera í Sjúkraliðafélaginu. Málið kom upp þegar sjúkraliði ætlaði að ráða sig í vinnu þar og átti ekki að fá að vera í félaginu. Unnið er að gerð samnings við Sólvelli og munu þeir verða á kjarasamningi sveitarfélaga.
- **Brákarhlíð Borgarnesi:** Búið er að boða til fundar með stjórnendum Brákarhlíðar í Borgarnesi vegna gerðar sérstaks kjarasamnings við þá stofnun, sem greitt hefur samkvæmt kjarasamningi við Sveitarfélögin, án þess að hafa veitt Samninganefnd sveitarfélaga (SNS) samningsumboð. Stjórnendur Brákarhlíðar hafa viljað færa sig yfir á kjarasamning félagsins við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) og er það í andstöðu við félagið. Farið verður yfir málið á samstarfsnefndarfundinum, en fyrir liggur að sjúkraliðar á stofnuninni vilja ekki fara af samningum félagsins við SNS.
- **Fellsendi í Dölum:** Stjórnendur Fellsenda í Dölum fóru á kjarasamning SFV án þess að ræða við sjúkraliða eða Sjúkraliðafélagið. Sjúkraliðar á Fellsenda voru á kjarasamningi sveitarfélaga áður og þeir sem voru þar verða áfram á þeim samningi, en hætt er við að þeir sem koma seinna verði færðir á kjarasamning SFV.

4. Samstarfsnefndir

- **Bókun 10 hjá ríkinu**, um stubbavaktir og álag o.fl. KÁG fór yfir stöðuna á vinnu stýrihóps vegna bókungar 10 og hverjir væru í honum og hver staða vinnunar væri og næstu skref. Fram kom að spurningalisti verður sendur út á stofnanir og mjög mikilvægt væri að formenn svæðisdeilda fylgdu því eftir að þeim verði svarað. Félagið verður í sambandi við formenn deilda og láta vita þegar spurningalisti er farinn út. Rætt var um að senda spurningalista einnig á sjúkraliða og formenn deilda sem síðan fylgja þeim eftir með trúnaðarmönnum. Fram kom hjá formönnum Austurlandsdeildar, Suðurlandsdeildar og Vestmannaeyjadeildar að enn er verið að breyta vaktafyrirkomulagi og mönnun vegna margendurtekens niðurskurðar. Á austurlandi eru vaktir stytтар og skuld hleðst upp í vinnuskyldubankann sem fólk þarf að borga með aukinni vinnu. Suðurland talar um fækkun sjúkraliða á vöktum t.d á nv. Er 1 á hverri hæð og svo 1 hlaupari sem á að aðstoða á öllum hæðum. Ástæða niðurskurðar á Suðurlandi er m.a. vegna fjölgunar erlendra ferðamanna á slyssavarðsstofu HSU (Heilbrigðisstofnun Suðurlands). Í Vestmannaeyjum er verulega þungt ástsand á deildum og léleg mönnun.
- **Mál hjá lögmonnum**: GÖG fór yfir að SLFÍ hafi tapað máli fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur vegna ólögmeðrar uppsagnar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS). Samkvæmt dómnum hefur vinnuveitandi (ríkið) mjög rúma heimild til að velja fólk af geðþótta til að segja upp. Málinu verður áfrýjað til Hæstaréttar. Félagið er einnig með mál hjá lögmanni vegna ágreinings um greiðslu staðgengilslauna til sjúkraliða sem leystu af í heimahjúkrun hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) og vegna sjúkraliða í heimahjúkrun hjá Eir. Það mál hefur verið lengi í skoðun og bókað var um vinnu að lausn málsins í síðasta kjarasamningi við SFV. Gísli Guðni Hall lögmaður mun senda bréf til Umboðsmanns alþingis vegna uppsagnar á fastráðningu sjúkraliða sem hefja töku lífeyris úr B sjóði LSR.
- **Tillögur að útteilingu potts**: KÁG fór yfir að lægstu launin hefðu hækkað minnst í síðasta kjarasamningi við ríkið og þau þyrftu að hækka og síðan væri spurning um að hækka LSH sértækt til að leiðrétta laun þar. SLFÍ þarf að fá upplýsingar um kostnað á hverjum stað fyrir sig og fara síðan yfir málið með kjaramálanefnd um hvernig þessu verður skipt. Félagsstjórn SLFÍ er samþykkt þeirri hugmynd sem framkvæmdastjórn SLFÍ lagði til vegna afgreiðslu/úthlutunar á eingreiðslunni/potti sem kemur 1. júní 2016.
- **Fundur verður í samstarfsnefnd SLFÍ og Landspítala (LSH) 18. maí**, þar verður m.a. rædd hugmynd félagsins um eingreiðsluna/pott sem samið var um í síðasta kjarasamningi. Rætt verður um eingreiðslu til sjúkraliða sem vann í nóvember 2015 og fékk hluta greiðslunnar frá Grund, en LSH neitar að greiða. Farið verður yfir hugmyndir félagsins um dreifingu pottsins sem samið var um í síðasta kjarasamningi og skipulag á uppfærslu stofnansamnings.
- **Flæðisvið LSH** hefur óskað eftir fundi með SLFÍ þ.s. fara á yfir skortinn á sjúkraliðum og viðbrögð við honum. Ræða á hugsanlegt viðbótarnám fyrir sjúkraliða á því sviði.
- **Starfsmat hjá Reykjavíkurborg**. Félagið hefur þrýst á að það mat hefjist sem fyrst og verði byrjað á að meta heimahjúkrunarsjúkraliða.
- **Heimahjúkrun á Heilbrigðisstofnun Norðurlands**: Hafdís Dögg fór yfir stöðuna hjá sjúkraliðum í heimahjúkrun á Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Fram kom að

deilur eru um grunnröðun sjúkraliða með sérnám. Til stendur að halda fund fyrir norðan og fara yfir málið.

5. Sjóður vegna gjafar Ingibjargar R Magnúsdóttur til félagsins.

Félagsstjórn er sammála því að ræða áfram þá hugmynd sem felst í að stofna Rannsóknarsjóð til styrktar rannsóknum á námi og störfum sjúkraliða og efla sjóðinn með viðbótarfjárframlögum frá fyrirtækjum/stofnunum.

6. Undirbúningur fyrir 25. Fulltrúafing SLFÍ

- KÁG fór yfir Ársskýrsluna og tæpti á helstu atriðum. Umræða var um skýrsluna og þá helstu liði sem tekið er á þar. Fram kom að villa var í fjölda sjúkraliða í Suðurlandsdeild, skráðir voru 26 félagsmenn, en eiga að vera 126, er á bls. 24 í skýrslunni.
- **Reikningar og fjárhagsáætlun SLFÍ:** JJS fór yfir ársreikninga félagsins og fjárhagsáætlun og var hún samþykkt og fer þannig fyrir fulltrúafing SLFÍ. GÖG fór yfir reikninga orlofssjóðs og fjárhagsáætlun og var hún samþykkt.
- **Félags- og fagfélagsgjöld SLFÍ:** JJS fór yfir félags- og fagfélagsgjöldin fyrir næsta ár og var samþykkt að leggja þau þannig fyrir fulltrúafingið. Fyrirspurn kom um hvað lægi á bakvið fagfélagsgjöldin. KÁG fór yfir sögu þeirra og sagði frá hvað réttindi fagfélagar hafa hjá félaginu. Fagfélagi sem vinnur ekki sem sjúkraliði fær blað félagsins, getur sótt um orlofsheimili og getur fengið félagsnæluna ef hann byrjar að vinna aftur við fagið hafi hann lagt næluna inn til geymslu.
- **Drög að lagabreytingum:** KÁG fór yfir breytinar á 7. og 8. gr. laga SLFÍ og gerði grein fyrir að í 7. gr. hafi verið fjallað um bæði útlit félagsnælnnar og hverjar reglurnar væru varðandi félagsaðild og réttinn til að vera með nælu. Með þessum breytingum er verið að færa 7. gr. í tvær greinar. Breytinga á 10. gr. var skýrð, þar er verið að gera svæðisbreytingu hjá Austurlandsdeild og Suðurlandsdeild. KÁG fór einnig yfir nýja grein 31.4 sem er um fræðslusjóð sem kemur inn til félagsins, en var áður Starfsmenntunarsjóður BSRB. Félagsstjórn samþykkti tillögur Laganefndar SLFÍ og var samþykkt að leggja þær fyrir fulltrúafingið.
- **Drög að skipulagsskrá Starfsmenntasjóðs SLFÍ:** Farið var yfir skipulagsskrá sjóða félagsins og ákveðið að leggja þær fyrir fulltrúafingið.
- **Stefna SLFÍ:** Félagsstjórn fór yfir stefnu félagsins og uppfærði ný drög.
- **Saga Sjúkraliðafélags Íslands:** KÁG fór yfir hver staðan væri á Sjúkraliðatalinu og sögu félagsins og verður hún kynnt á þinginu. Allt á áætlun samkvæmt upplýsingum frá söguritara. KÁG og GÖG munu funda fljótlega með söguritara þegar nánari drög liggja fyrir.
- **Drög að ályktunum:** Félagsstjórn vann drög að ályktunum sem lagðar verða fyrir þingið.

7. Sumarlokun skrifstofu SLFÍ

Sumarlokun á skrifstofu félagsins var kynnt fyrir félagsstjórnarfulltrúum. Lokað verður frá miðjum júlí og fram yfir verslunarmannahelgi.

8. Undirbúningur fyrir EPN ráðstefnuna á Íslandi

Undirbúningurinn er í mjög góðum farvegi. Dagskrá og öll gögn hafa verið send út. Óskað verður eftir að þátttakendur skrái sig til setu á ráðstefnunni.

Búið er að ákveða hvernig sjúkraliðar utan af landi verði styrktir til að mæta á ráðstefnuna, nánar er hægt að lesa um það á heimasíðu SLFÍ.

JJS og JT sjá um kaup á mat og drykkjum fyrir móttökuna 30. maí. Rætt var um hvort stjórnarmenn félagsstjórnar taki þátt í hátíðarkvöldverðinum og fram kom að gert væri ráð fyrir þeim.

9. Undirbúningur að afmælisári SLFÍ

KÓ fór yfir stöðu mála varðandi undirbúning afmælisársins. Allur undirbúningur í mjög góðum farvegi. Framvegis mun sjá um málþingið sem verður 18. nóvember. Farið var yfir hverjir verða heiðraðir og það skýrt hvers vegna. KÁG fór yfir að ákveðinn aðili í Norðurlandsdeild Eystri væri mjög vel að heiðrun kominn vegna starfa sinna í áruna rás. Nefndin skoðar málið og ákveður nánar hverjir verða að lokum heiðraðir.

Önnur mál

- **Málefni Suðurnesjadeildar:** Viktoría Magnúsdóttir formaður Suðurnesjadeildar gerði grein fyrir að fjárhagsáætlun Suðurnesjadeildar hafi ekki verið rædd á síðasta fundi félagsstjórnar og óskaði eftir að hún yrði rædd og lögð fyrir á þessum fundi og var það samþykkt. Viktoría fór yfir áætlunina og þau atriði/málefni sem þau munu vinna að á árinu, og helstu kostnaðarliði og mun framkvæmdastjórn fara yfir hana.
- **Rammi um fjárbeiðnir deilda:** Jóna Jóhanna Sveinsdóttir gjaldkeri SLFÍ óskaði eftir að rekstur deilda væri ræddur til að samræma greiðslur og það sem er styrkt og greitt fyrir hjá deildum félagsins. Mikil umræða var um málið og ákveðið var að útbúa þyrfti leiðavísir um það sem greitt er til deildanna og hvað er verið að styrkja og mun framkvæmdastjórn útbúa þær.

Fundi slitið kl. 16.50